

**Miðannarmatið verður birt 26. febrúar hjá MH-ingnum sem eru fæddir 2008 eða seinna.**

Niðurstöður birtast í upplýsingakerfi okkar *Innu*, undir Námið og einkunnir. Ástæða er til að taka fram að hér er ekki um að ræða hefðbundna einkunn eins og tíðkast í annarlok að undangengnum prófum. Miðannarmatið er byggt á 7 vikna kynnum. Kennarar eru því að meta ástundun nemanda áður en til lokaprófa kemur og leggja mat á hvernig nemandinn hefur unnið í hverjum áfanga hingað til. Umsögn er gefin í eftirfarandi bókstöfum: **G = góð(ur)**, **V = viðunandi og O = ófullnægjandi og þarf að bæta**. Hafa verður í huga að ekki meta allir kennarar alla þætti því vinnulag er mismunandi eftir áföngum. Upplýsingar þessar eru hugsaðar sem hvatning til nemenda sem hafa stundað námið vel það sem af er önninni eða sem vísbending um að nemandi þurfi að taka sig á áður en að prófum kemur. Við vonumst til þess að miðannarmatið verði umræðugrundvöllur milli ykkar og unglingsins um hvernig gengur að fóta sig á fyrstu tveimur önnunum í framhaldsskóla.

Fimmtudaginn 6. mars hefst valið hér í MH með áfangakynninum á Miklagarði þar sem kennarar (og nemendur) kynna áfanga sem í boði eru fyrir næstu önn. Sú kynning stendur yfir frá kl. 10:15 til kl. 15:00 og kíkja nemendur á hana á milli kennslustunda. Allir nemendur sem byrjuðu haustið 2024 eru boðaðir á fund með umsjónarkennurum sínum 14.mars kl. 12:40 skv. stundatöflu. Nemendur sem byrjuðu vor 2025 fylgja upplýsingum frá sínum umsjónarkennara. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem nýneminn ykkar velur alveg sjálfur áfanga í MH er gott að þið farið yfir þessi mál og skoðið miðannarmatið og mætingar í samhengi við valið.

Á heimasíðunni verða leiðbeiningar vegna [vals](#) og [áfangaframboð](#) næstu annar sýnilegar þegar opnaðu hefur verið fyrir valið. Valið stendur yfir til og með 17. mars.

Kv Helga

### **Midterm evaluation**

Dear parents/guardians.

At this time, Menntaskólinn við Hamrahlið attempts to evaluate how well students, born in 2008 or later, are doing at school. We wish to stress that teachers are **not** giving a grade of the kind students traditionally receive at the end of term after sitting final exams. The intention is rather to convey the teachers' impressions of how students have been working over the past 7 weeks. This information will hopefully have the effect of either encouraging those who have been working well or acting as a warning to those who need to make changes in their work habits before exams. The grades are: **G = good (góður)**, **V = acceptable (viðunandi) = and O = unacceptable and needs improving (ófullnægjandi og þarf að bæta)**. The midterm evaluations are on *Inna under Námið, Einkunnir*.

We hope that this information proves useful to you and that your child benefits from studying here at MH.

With regards, Helga